



355. fundur Afrekssjóðs ÍSí

11. ágúst 2026 kl. 12.10

Mætt öll á Teams

Stjórn: Pórey Edda Elísdóttir formaður (PE), Daníel Jakobsson (DJ), Birna Lárusdóttir (BL), Stefán Jóhannesson (SJ).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Kristín Birna Ólafsdóttir afrekssjóri ÍSí (KBÓ)

Fjarverandi: Kári Mímisson

1. Erindi frá sérsamböndum

KAÍ

Erindi barst frá KAÍ vegna úthlutunar árið 2025. Óskar eftir að fá að nýta styrk vegna þjálfaramentunar á árinu 2025 þrátt fyrir að námskeiðin hafi farið fram í janúar og febrúar 2026. Fékk KAÍ úthlutað 150.000 kr vegna endurmenntunar afrekspjálfa árið 2025. Vegna andláts landsliðspjálfa náðist ekki að nýta styrkinn á því ári. Nýr landsliðspjálfi sótti grunnnámskeið í janúar 2026 og aðstoðarþjálfarar sóttu námskeið í febrúar. Óskar KAÍ eftir að fá að nýta styrkinn í framangreind námskeið.

Í ljósi aðstæðna samþykkir stjórn erindið.

2. Niðurfellingar 2025

Umræða fór fram um verklag við niðurfellingar vegna umfangs (ferðastyrks) árið 2025. Búið er að óska eftir fjárhagsuppgjörum sérsambanda vegna afrekstarfs ársins 2025. Er KSR að fara yfir uppgjörin samhliða ársreikningum. Stjórn var sammála um að rýna stærstu mótin og þau sem fá hæstu styrkina. Sé umtalsverð fækkun á náttum eða þátttakendum er tilefni til að fella niður styrki vegna þeirra. Jafnvel þrátt fyrir að heildarfjöldi nátta og keppenda í heildarumfangi móta sé skv. áætlun. Með þessu er verið að leggja áherslu á að stærstu mótin séu styrkt og ekki nægi að önnur minni móti komi í staðinn.

3. Breytingar á reglum og viðmiðum vegna úthlutunar 2027

Umræða fór fram um hvar verkefnið væri statt. Starfsmenn AMÍ og ASJ hafa haldið áfram vinnu við að rýna reglur og viðmið út frá athugasemdum sérsambanda.

Ræddar voru helstu breytingar sem verið er að skoða s.s. flokkun sérsambanda í afreksflokka, fyrirsjáanleiki úthlutnar. Rætt var hvort tillögð flokkun væri sanngjarnari en fyrri flokkanir.

Ekki náðist að klára umræðuna og verður henni framhaldið á næsta fundi.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði í næstu viku.

Fundi slitið kl. 13.03